

## Skýrsla bæjarstjóra

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar,

Ég flyt skýrslu bæjarstjóra frá 25. október og fram til dagsins í dag, 22. nóvember. Vikan 25 október til 28 október var síðasta vikan fyrir alþingiskosningar og einkenndist af fundum í fjármálaráðuneytinu vegna lífeyris-skuldbindinga hjúkrunarheimila og blessunarlega tókst að ljúka því máli farsælllega með undirskriftum ráðherra og formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga klukkan hálfjögur þann 28 október. Það mátti ekki tæpara standa.

Ég tók þátt í setningu Vökudaga og flutti þar ávarp en þrjár listsýningar voru opnaðar við setninguna. [Sýning Gyðu H Wells](#), *Hver vegur að heiman er vegur heim* en þar sýndi Gyða afrakstur ævistarfsins, sýning Dýrfinnu

Torfadóttur hét Skart við skóna en hún sýndi þar handsmíðaða skartgripi við skópör og loks var sýningin Bæjarbytturarnar, brennivínið og bannárin í umsjón safnanna á Akranesi. Á Vökudögum í ár voru um 40 viðburðir í boði víðs vegar um bæinn. Tónleikar, listsýningar, ljósmyndasýningar, gjörningar og rithöfundaspjall.

Nöfnin endurspegluðu fjölbreytileikann, eins og sýningarnar sjálfar; Selfí, Ömmur, Töfrar himinsins, Umbreyting og Geggjaðar peysur, svo nokkur nöfn séu tekin sem dæmi. Við opnunina voru [Menningarverðlaun](#) Akraness fyrir árið 2016 afhent en það voru félagar í Club 71 sem fengu þau í ár fyrir þeirra mikilvæga framlag í menningar- og félagslífi Skagamanna.

[Umhverfisviðurkenningar](#) voru veittar á laugardeginum 29 október og var athöfnin haldin í andyri [Tónlistarskóla Akraness](#). Það voru að þessu sinni fjölmargir aðilar sem fengu viðurkenningu, meðal annars Skógræktarfélag

Akraness. Starfsfólk og nemendur tónlistarskólans sungu og spiluðu fyrir gesti og umgjörðin í kringum viðburðinn var eins og best verður á kosið. Það er kannski hugmynd fyrir skipulags- og umhverfissráð að búa til þá hefð að viðurkenningin sé afhent í tengslum við viðburði á Vökudögum?

Viðtöl vegna ráðningar fjármálastjóra og undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar einkenndu vikuna 31 október til 4. nóvember.

Einnig var haldinn forstöðumannafundur, með þeim 30 stjórnendum sem tilheyra þeim hópi.

Ég fór líka í heimsókn í Grafarvog, í félagsmiðstöðina [Borgir](#), ásamt sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs til að fræðast um fyrirkomulag rekstursins og skoða skipulag á félagsstarfi fyrir eldri borgara. Þar tóku Birna Róbertsdóttir verkefnisstjóri og Jóhann Helgason formaður Korpúlfa á móti okkur. Starfið í Borgum er unnið í samstarfi Reykjavíkurborgar og Korpúlfa sem er

félagsskapur eldri borgarar þar með 1000 félaga. Birna Róbertsdóttir tómstundafræðingur heldur utan um starfsemina en allt sem gert er, það er námskeið og annað félagslíf, er undir forystu félaga í Korpúlfum. Það eru engir leiðbeinendur sem kenna handverk, heldur skipta félagarnir verkefnunum á milli sín því í félagsskapnum sjálfum má finna fjöldann allan af mjög hæfileikaríkum einstaklingum. Það sem þeim finnst skipta mestu máli er að hafa Birnu, verkefnisstjóran, sem aðstoðar við skipulagningu, fjármál, útsendingu bréfa og fleiri þætti sem snúa að umsýslu.

Á þriðjudaginn 8 nóvember var svo [fjárhagsáætlun](#) lögð fram til fyrri umræðu. Fyrir fundinn komu kennarar á Akranesi og afhentu áskorun til sveitarfélaga um að semja við kennara.

Það sem einkenndi undirbúningsvinnuna fyrir bæjarstjórn þetta árið voru vinnufundir vegna fjárfestinga og framkvæmda, bæði vinna með

bæjarfulltrúum og embættismönnum en einnig fengum við góða gesti frá ýmsum félagasamtökum og ÍA á fundi. Bæjarstjórn samþykkti að fela skipulags- og umhverfisráði að forgangsraða verkefnum og skila tillögum til bæjarráðs í síðasta lagi í dag, 22. nóvember. Tillögurnar verða svo lagðar fyrir bæjarráð og í framhaldinu verða þær teknar fyrir við síðari umræðu um fjárhagsáætlun þann 13. desember næstkomandi.

Ég átti svo samráðsfund með formanni og varaformanni Feban ásamt formönnum bæjarráðs, velferðar- og mannréttindaráðs og varaformanni skipulags- og umhverfisráðs þar sem rætt var um næstu skref varðandi félagsaðstöðu fyrir eldri borgara. Það var rætt á fundinum að koma á samráðsvettvangi á milli bæjarins og Feban til að fara yfir ýmsa þætti þessa máls.

Við höfum svo haldið vinnufundi með öllum forstöðumönnum í kjölfar samþykktar

fjárhagsáætlunar, til að gefa þeim tækifæri á að koma með ábendingar við áætlunina. Ábendingin getur verið í formi þess að það vanti fjármagn eða af praktískum toga, svo sem hvar hlutir eru færðir í bókhaldi. Um var að ræða um það bil 15 fundi sem við áttum í síðustu og þar síðustu viku.

Á mánudeginum 14 nóvember var haldinn sameiginlegur fundur skipulags- og umhverfisráðs og bæjarstjórnar um málefni fimleikahúss og komu gestir frá ÍA og Fima á fundinn. Gunnar Borgarson arkitekt hjá ASK arkitektum kynnti drög að fimleikahúsi við Jaðarsbakka, en húsið er hluti af heildaráætlun um uppbyggingu íþróttastaðs á Jaðarsbökkum. Einnig kynnti Kristján Garðarsson arkitekt hjá Andrúm arkitektum hugmyndir um fimleikahús sem yrði í viðbyggingu við íþróttahúsið við Vesturgötu.

Á þriðjudeginum 15. nóvember var haldin sameiginleg dagskrá fyrir starfsmenn

Akraneskaupstaðar í íþróttahúsinu við Vesturgötu sem hófst klukkan hálf tvö og lauk rúmlega fjögur. Unnið var með [gildi](#) Akraneskaupstaðar, Jákvæðni, Metnað og Víðsýni og [mannauðsstefnan](#) var kynnt. Það hafa margir starfsmenn lýst yfir ánægju með framtakið. Það var [mannauðsteymi](#) Akraness sem hafði veg og vanda að undirbúningnum og næstu skref er að útbúa áætlun um innleiðingu á mannauðsstefnunni. Í henni eru fjölmörg praktísk viðfangsefni og ég nefni sem dæmi að klára starfslýsingar fyrir alla starfsmenn bæjarins, að undirbúa nýliðafræðslu, að koma á laggirnar fræðslu um einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum, útbúa sameiginlega starfsþróunaráætlun svo dæmi séu tekin. Við munum vonandi sjá ákveðin verkefni verða að veruleika strax á næsta ári.

Nefndin um lífeyrisskuldbindingar kom saman í síðustu viku og var verkefnið meðal annars að undirbúa gagnasöfnun vegna uppgjörs á

lífeyrisskuldbindingu hjúkrunarheimila og ræða vinnulag vegna uppgjörs á öðrum skuldbindingum.

Fyrir helgi var gengið frá ráðningu [fjármálastjóra](#) Akraness en það er Þorgeir Hafsteinn Jónsson sem fékk starfið. Staðan var auglýst fyrir í haust og voru 22 umsækjendur um stöðuna. Þorgeir er viðskiptafræðingur með meistaragráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík. Þorgeir hefur margra ára reynslu í fjármálum, fjárfestingum og fyrirtækjarekstri. Hann hefur meðal annars starfað sem framkvæmdastjóri Íslensks eldsneytis ehf., verið fjármálastjóri hjá fjárfestingar- og fasteignafélaginu Þórsgarði hf., verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf hjá Ernst & Young ehf og sérfræðingur hjá Virðingu. Þorgeir tekur til starfa hjá Akraneskaupstað þann 1. desember næstkomandi. Staða fjármálastjóra var auglýst í kjölfar skipulagsbreytinga á stjórnarsýslu- og fjármálasviði



Akraneskaupstaðar. Ákveðið var að styrkja fjármáladeildina með tilfærslu verkefna innan bæjarskrifstofunnar. Andrés Ólafsson sem hefur gengt stöðu fjármálastjóra mun nú taka við starfi verkefnastjóra á stjórnarsýslu-og fjármálasviði.

Ég hef farið yfir helstu fundi og viðburði í síðasta mánuði en það má ekki gleymast að sem yfirmaður stjórnkerfis bæjarins þá kem ég að stórum og smáum málum sem snerta samskipti við einstaka bæjarbúa, ágreiningsmál og fleira í þeim dúr. Þau verkefni eru ósýnileg og eru oftast en ekki þannig að við erum bundin trúnaði um einstaklingsmálefni og getum ekki rætt þau mál opinberlega. Ég get hinsvegar fullvissað bæjarfulltrúa um að við erum vakin og sofin yfir þeim viðfangsefnum sem okkur er trúnað fyrir og leitum sífellt leiða til að bæta okkur, verði okkur á mistök og til að þróa þjónustuna áfram.

Takk fyrir áheyrnina.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri